

Mættir: Sigríður Þrúður, Þröstur, Svava, Steingerður og Fanney.

- Dægradvöl - mikil óánægja meðal foreldra að börnum sé ekki fylgt á milli eftir skóla og betur passað upp á að allir séu mættir. Nokkur dæmi um að barn hafi ekki mætt og foreldrar ekki látnir vita fyrr en allt að klst eftir að barn heði átt að vera mætt í dægró.
 - Hvað getum við gert til að aðstoða og finna leiðir að betra kerfi ?
 - Tala við Rósu og bjóða fram aðstoð ?
 - Er hægt að starfrækja einhverskonar klúbbastarfsemi fyrir 3-4 bekk ? Samanber dægró starf í Salaskóla.
 - Þröstur og Steingerður ætla að safna saman uppl. um dæmisögur um dægró.
- I-pad í skólann - hvernig á að nota þá og hverjir eru kostir og gallar þess að innleiða slíkt?
- Bekkjarfulltrúar - Þröstur tók að sér að senda póst á ritara og umsjónakennara til að fá nöfn þeirra sem buðu sig fram sem bekkjarfulltrúa.
Ennþá vantar fulltrúa í 1.5A 8.9 og 10.bekk
- Næsti skólaráðsfundur er 28.okt en fyrir þann tíma þarf að gera uppkast af því hvernig við teljum að best staðið sé af skiptingu 4. & 7.bekkjar fyrir komandi skólaár milli stiga þ.e frá yngsta upp á mið og frá mið upp á elsta stig.
Þurfum að fá bekkjarfulltrúa í lið með okkur að gera tillögur af því ferli.
Stefnan var að halda bekkjarfulltrúa námskeið 23.okt -spurning hvort þarf að færa aðeins seinna ?
- Fanney tekur sæti í Samkóp sem fulltrúi okkar og Þröstur er varamaður.
- Næsti fulltrúaráðsfundur Samkóp verður 29.okt og fulltrúaráðsfundur Heimilis og Skóla verður 30.okt
- Jólaföndur verður 22.nóv - búið er að auglýsa eftir vöskum foreldrum í jólaundirbúningsnefnd. Hafa margir boðið sig fram ?
- Það er komið svar frá Kópavogsbæ um erindið sem foreldrafélagið sendi útaf bókasafninu í Skólagerði. Sigga ætlar að setja svar inná facebook síðu foreldrafélagsins.
- 7.bekkur hefur beðið um styrk vegna Reykjaferðar
- Staða félagsins er góð og hafa allir greiðsluseðlar verið sendir og eru greiðslur farnar að streyma inn.
- Þurfum að athuga stöðuna á bekkjarkynningu fyrir 9.bekk fyrst báðir umsjónakennarar eru mættir til starfa. Eins athuga með fyrirhugaða Laugaferð fyrir þau og fjáröflun.
- Ætlar foreldrafélagið að gefa út tilmæli v/ kostnaðar við skólaferðir saman ber sveitafélagið Árborg ?